

Reglur tölvunarfræðideildar

Reglur um inntöku nemenda, prófkröfur, endurtöku prófa og námsframvindu vegna náms til BS-prófs í tölvunarfræði og kerfisfræði:

Reglur þessar byggjast á almennum námsreglum Háskólans í Reykjavík sem og reglugerð fyrir Háskólann í Reykjavík. Að öðru leyti en hér kemur fram er vísað til þeirra reglna. Hægt er að sækja um undanþágu frá þessum reglum til Námsmatsnefndar tölvunarfræðideildar.

1. Inntaka nemenda

1.1. Bókleg inntökuskilyrði eru almennt séð stúdentspróf eða sambærilegt próf.

2. Mat á fyrra námi

2.1. Nemandi sem óskar eftir því að fá fyrra háskólanám sitt metið sækir um það til deildarfulltrúa á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á vef deildarinnar. Mat á fyrra námi skal vera í höndum Námsmatsnefndar.

2.2. Nemandi getur sótt um að námskeið sem tekið hefur verið í öðrum háskóla verði metið til ECTS eininga (M) við Háskólann í Reykjavík ef um er að ræða sambærilegt námskeið frá viðurkenndum háskóla. Við mat verður m.a. tekið tillit til árangurs í viðkomandi námskeiðum og hve langt er síðan náminu lauk. Krafast er lágmarkseinkunnar 6,0 (eða samsvarandi).

2.3. Nemandi sem lokið hefur a.m.k. 60 ECTS eininga heildstæðu námi í einni annarri fræðigrein getur sótt um að fá metið 60 ECTS eininga val vegna þess háskólanáms.

2.4. Nemandi getur sótt um að fá metnar inn allt að 36 ECTS einingar vegna háskólanáms í öðrum fræðigreinum og mega allar einingarnar vera utan tölvunarfræðideildar.

3. Lágmarkseinkunn og fjöldi eininga á önn

3.1. Til að standast námskeið þarf nemandi að fá einkunn 5,0 eða hærri.

3.2. Nemandi getur sjálfur skráð sig í að hámarki 36 ECTS einingar á önn. Ef nemandi vill taka fleiri einingar á önn þarf hann að sækja um það til deildarfulltrúa. Ef þessu er ekki framfylgt gæti nemandi verið skráður úr aukanámskeiðum án viðvörunar.

4. Endurtekning prófa

4.1. Nemandi er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu námskeiði fjórum sinnum (þ.m.t. endurtektarpróf). Ef nemandi stenst ekki próf er hann þreytir fjórða sinni ber honum að sækja um endurinnritun í viðkomandi námsbraut ef hann hefur hug á að halda áfram námi.

4.2. Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir að endurtaka prófið. Í þeim tilvikum gildir einkunn úr seinasta prófi.

4.3. Kennsluvið hefur eftirlit með rétti nemenda til að endurtaka próf.

5. Námsframvinda

5.1. Nemandi þarf að ljúka a.m.k. 42 ECTS einingum á fyrsta námsári sínu til að uppfylla kröfur um fullnægjandi námsframvindu (nemandi í HMV og fjarnámi þarf að uppfylla þetta skilyrði á fyrstu tveim námsárum sínum).

5.2. Nemandi skal ljúka námi eigi síðar en 2 árum eftir hvað eðlilegt telst samkvæmt námsskrá til að uppfylla kröfur um fullnægjandi námsframvindu.

5.3. Ef nemandi sem ekki uppfyllir kröfur um fullnægjandi námsframvindu (samkvæmt 5.1 og 5.2) hyggst halda áfram námi ber honum að sækja um endurinnritun í viðkomandi námsbraut (sjá lið 6).

5.4. Nemandi getur sótt um það að gera hlé á námi sínu eða að stunda nám samkvæmt sérstakri áætlun sem vikur frá ofangreindu. Umsóknin, ásamt áætlun um námsframvindu til námsloka, skal send til deildarfulltrúa, studd viðeigandi gögnum. Gildar ástæður fyrir námshléi eða hægferð í námi eru t.d. barnsburður eða veikindi.

5.5. Deildarfulltrúi og nemendaskrá hafa eftirlit með námsframvindu nemenda.

5.6. Þegar námskeið eru tekin í vali utan tölvunarfræðideildar ber að gæta þess að undanfarareglum viðkomandi deildar sé fylgt og að námsefni skarist ekki við aðrar einingar teknar til prófgráðu. Námskeið sem skarast á við námskeið sem kennd eru innan tölvunarfræðideildar verða ekki metin til eininga.

Samþykki Námsmatsnefndar þarf vegna námskeiða í öðrum deildum á sviði tölvunarfræði, upplýsingatækni eða stærðfræði. Athugið sérstaklega að námskeiðin Hagnýt stærðfræði, Hagnýt upplýsingatækni og Hagnýt tölfræði 1 (í viðskiptadeild) og Hagnýt forritun og Stafræn

tækni (í tækni- og verkfræðideild) er ekki hægt að taka í vali vegna skörunar við skyldunámskeið í tölvunarfræði.

5.7. Óheimilt er að taka tvö þriggja vikna námskeið á sömu önn.

6. Endurinnritun

6.1. Ef nemandi er veitt heimild til að endurinnritast heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí. Reglur um áframhaldandi nám taka mið af gildandi námsskrá hverju sinni.

7. Skiptinemar

7.1. Nemandi sem vill fá heil misseri í skiptinámi metin að fullu þarf að leggja fram áætlun fyrir skiptinámið og fá hana samþykkt af Námsmatsnefnd áður en skiptinámið hefst.

7.2. Vísað er til greinar 2.2 að ofan varðandi mat á einstökum námskeiðum.

8. Annað

8.1. Nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geta sótt um í upphafi annar til viðkomandi kennara að skila verkefnum og taka próf á ensku.

8.3. Undanþágur frá reglum þessum eru aðeins veittar með samþykki Námsmatsnefndar. Umsóknir um undanþágur skulu sendar til deildarfulltrúa, studdar viðeigandi gögnum.

8.4. Nemandi sem á eftir eftirfarandi námskeið úr gamla kerfinu og nær ekki að ljúka þeim getur farið eftir eftirfarandi áætlun:

Verklegt námskeið á fyrstu önn og eða Verklegt námskeið á annarri önn: Verklegt námskeið.

Stærðfræðigreining og eða Tölfræði: Stærðfræðigreining og Tölfræði.

Viðmótshönnun: Tekur valnámskeið innan TD í staðinn.

Kerfisgreining: Greining og hönnun hugbúnaðar.

Gildistaka:

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Nóvember 2009